**Bæjarstjórn Garðabæjar 6. (939)/2024**

Boðað er til 6. (939). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2403040F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/3 '24.

2. 2404008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/4 '24.

3. 2404020F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/4 '24.

   2310097 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts 3. áfanga norðurhluta, sem nær til lóðanna Vinastræti 22-28.

   2404038 - Afgreiðsla skipulagsnefndar á fyrirspurn vegna reksturs minniháttar atvinnustarfsemi á Breiðabólsstað.

   2306463 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar.

   2402118 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna tillögu að breytingu deiliskipulags Breiðumýri vegna lóðarinnar að Lambamýri 3.

   2403271 - Afgreiðsla skipulagsnefndar vaðandi tillögu að skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Rammahluti Vífilsstaðalands.

   2403504 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norðurs sem nær til lóðarinnar Þorraholt 2-4.

4. 2404011F - Fundargerð Íþrótta- og tómstundaráðs frá 10/4 '24.

5. 2403032F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 22/3 '24.

6. 2404009F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/4 '24.

7. 2402020F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 20/3 '24.

8. 2403028F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/3 '24.

9. 2404004F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 11/4 '24.

10. 2403036F - Fundargerð ungmennaráðs frá 21/3 '24.

11. 2403009F - Fundargerð öldungaráðs frá 18/3 '24.

12. 2401141 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/3 '24.

13. 2401133 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 5/3, 19/3 og 9/4 '24.

14. 2401134 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 11/3 og 15/3 '24.

15. 2401138 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 13/3 '24.

16. 2401325 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 20/3 '24.

17. 2401136 - Fundargerð stjórnar SSH frá 18/3 '24.

18. 2401607 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 22/3 '24.

19. 2404085 - Tillaga að samþykkt um prókúruhafa sveitarfélagsins.

20. 2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023 - fyrri umræða

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**5. (938). fundur 2024**

Fimmtudaginn 21. mars 2024 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fenger, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi, Bjarni Th. Bjarnason, varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 7. mars 2024 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2403012F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/3 ´24.**

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., tilkynningu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga varðandi stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., samskiptasáttmála Garðabæjar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., samskiptasáttmála Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 7 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 2403027F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/3 ´24.**

Enginn kvaddi sér hljóðs.

*Afgreiðsla mála.*
„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts norður er varðar lóðirnar við Útholt 5-9, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að byggingarreitur miðlóðar minnkar og byggingarreitir endalóða stækka sem því nemur. Skipulagsnefnd samþykkir samkvæmt í heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa“. (Mál nr. 2402136)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar. Tillagan gerir ráð fyrir að hámarksfjöldi íbúða aukist úr 84 í 102.“ (Mál nr. 2403195)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir efnislosun í Glerhallardýi. Um er að ræða losun til bráðabirgða fyrir allt að 30.600 $m^3$ af jarðvegi þar til deiliskipulag Norðurness liggur fyrir. Samkvæmt aðalskipulagi er umrætt svæði og aðliggjandi svæði ætluð undir golfvöll og mun efnið þá nýtast til landslagsmótunar.

Að öðrum kosti þarf að flytja efni sem losnar vegna framkvæmda í Breiðumýri um langan veg með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum." (Mál nr. 2104418)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að vísa umsókn um byggingarleyfi vegna innri skipulagsbreytinga á einbýlishúsinu við Engimýri 6 til grenndarkynningar samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum að Engimýri 3, 4, 5, 7, 8 og 10." (Mál nr. 2402112)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts norður vegna lóðarinnar við Þorraholt 2-4. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum.

- Hámarkshæð húss númer 2 hækkar um 2,5 m en breidd byggingarreitsins minnkar um 3 metra.
- Að austurhluti 1. hæðar í húsi númer 2 verði atvinnurými í stað bílageymslu.
- Að kjallarar verði 4 í stað 2-3.
- Að kjallari 2 verði atvinnurými í stað bílageymslu.
- Að 3.000 $m^2$ bætist við bílageymslu í kjallara.
- Að staðsetning dælustöðvar innan lóðar færist til.

Vekja skal athygli eigenda annarra lóða við Þorraholt og við Útholt 2, 4, 6, 8 og 10 sem og við Útholt 1-3, 5-9 og 11-17 á auglýsingunni." (Mál nr. 2302672)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til landsvæðis á norðanverðum Arnarneshálsi (Arnarland). Áður en tillagan er auglýst skal hún send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga." (Mál nr. 2110128)

Fundargerðin sem er 13 tl., er samþykkt samhljóða.

**3. 2403017F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 13/3 '24.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1. tl., hönnun og undirbúning útboðs 3. áfanga Urriðaholtsskóla, 2. tl., samstarfsverkefni félaga í Garðabæ varðandi íþróttir fyrir alla og 3. tl., aðgerðaráætlun um Barnvænt samfélag í Garðabæ. Þá ræddi Hrannar Bragi undir önnur mál undirbúning að dagskrá íþróttaþings í Garðabæ sem er fyrirhugað í vor.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., samstarfverkefni félaga í Garðabæ varðandi íþróttir fyrir alla.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi að nýju 2. tl., samstarfverkefni félaga í Garðabæ varðandi íþróttir fyrir alla.

Fundargerðin lögð fram.

**4. 2402039F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/3 '24.**

Margrét Bjarnadóttir, ræddi 1. tl., reglur um innritun barna í leikskóla, 2. tl., erindi Hjallastefnunnar varðandi breytingu á starfsdegi, 3. tl., íbúa – og þjónustukönnun Gallup og 4. tl., aðgerðaráætlun um Barnvænt samfélag í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

**5. 2403008F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 11/3 '24.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., samstarfssamning við Grósku, 4. tl., barnamenningarhátíð í Garðabæ og 7. tl., jazzþorpið í Garðabæ.

Brynja Dan Gunnarsdóttir, ræddi 4. tl., barnamenningarhátíð í Garðabæ,

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., barnamenningarhátíð í Garðabæ

Fundargerðin lögð fram.

**6. 2403007F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 13/3 '24.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi úthlutanir styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi úthlutanir styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Brynja Dan Gunnarsdóttir, ræddi úthlutanir styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju úthlutanir styrkja úr þróunarsjóði grunnskóla.

Fundargerðin lögð fram.

**7. 2403019F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 14/3 '24.**

Fundargerðin lögð fram.

**8. 2403015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 14/3 '24.**

Fundargerðin lögð fram.

**9. 2403014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/3 '24.**

Björg Fenger, ræddi 3. tl., uppsetningu á skynjurum í grenndargámum og 6. tl., rekstrarskoðun leiksvæða á lóðum leikskóla og opnum svæðum í bænum.

Fundargerðin lögð fram.

**10. 2401136 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/3 '24.**

Fundargerðin lögð fram.

**11. 2401137 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 8/3 '24.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á uppfærslu leiðbeininga fyrir hönnun hjólastíga og 5. tl., kynningu á stöðu uppfærslu verkefna samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 2401135 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 16/2 ´24.**

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., fyrirhugaðar æfingar neyðarstjórna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerðin lögð fram.

**13. 2401134 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 6/3 og 8/3 ´24.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi útboð á akstri Strætó bs.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi útboð á akstri Strætó bs. og vék að áskorun ungmennaráðs um bættar almenningssamgöngur sem fram kom á sameiginlegum fundi ráðsins með bæjarstjórn.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi útboð á akstri Strætó bs.

Fundargerðin lögð fram.

**14. 2305582 - Kosning aðalfulltrúa í skipulagsnefnd.**

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa Kjartan Vilhjálmsson, Fífumýri 9, sem aðalfulltrúa í skipulagsnefnd í stað Lúðvíks Arnar Steinarssonar sem beðist hefur lausnar frá setu í skipulagsnefnd.

**15. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 - lántaka.**

Almar Guðmundsson gerði grein fyrir tillögu að lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Um er að ræða skammtímalán að fjárhæð kr. 1.000.000.000 með gjalddaga 18. september 2024, óverðtryggt með 11,32% vöxtum.

„Bæjarstjórn samþykkir lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.000.000.000. Um er að ræða skammtímalán með gjalddaga 18. september 2024, óverðtryggt með 11,32% vöxtum. Jafnframt er Almari Guðmundssyni, bæjarstjóra, kt. 030572-2979, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita skilmála lánsins við Lánasjóð sveitarfélaga."

**16. 2403327 - Tillaga um að fella niður reglulegan fund bæjarstjórnar 4. apríl 2024.**

„Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt heimild í 3. mgr. 8. gr. samþykkta um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022 að fella niður reglulegan fund bæjarstjórnar sem halda á fimmtudaginn 4. apríl 2024. Næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar Garðabæjar verður 18. apríl 2024."

Í lok fundar kvaddi Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar sér hljóðs og óskaði eftir heimild fundarins til að taka á dagskrá kveðjustund fyrir bæjarritara sem er að láta af störfum eftir 40 ár sem bæjarritari og 736 fundi sem fundarritari bæjarstjórnar.

Sigríður Hulda og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, fluttu bæjarritara kveðjuorð og færðu honum blómvönd að gjöf.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 21. mars 2024 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsd

Margrét Bjarnadóttir

Björg Fenger

Bjarni Th. Bjarnason.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 21. mars 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Bjarni Th. Bjarnason, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**12. (2113). fundur 2024**

Þriðjudaginn 26. mars 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson, varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Lúðvík Örn Steinarsson, nýráðinn sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, sat fund bæjarráðs sem gestur.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2403343 - Bréf umboðsmanns barna varðandi hljóðvist í skólum, dags. 18.03.24.**
   Í bréfinu er vakin athygli á málþingi sem nýverið var haldið í tilefni af alþjóðlegum degi heyrnar þar sem sjónum var beint að hljóðvist í umhverfi barna og sérstaklega rætt um hljóðvist í skólum. Í bréfinu er áskorun til sveitarfélaga um að grípa til ráðstafana til að bæta hljóðvist skólum.

   Bæjarráð tekur undir sjónarmið um mikilvægi þess að leita leiða til að bæta hljóðvist í skólum og vísar bréfinu til umhverfissviðs.

2. **2403344 - Bréf Fjarskiptastofu varðandi könnun á áformum um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta, dags. 19.03.24.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu umhverfissviðs.

3. **2403416 - Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands varðandi umsóknir í styrktarsjóð EBÍ, dags. 21.03.24.**
   Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og sviðsstjóra.

4. **2403417 - Tilkynning frá starfshópi á vegum umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis varðandi endurskoðun laga um verndar og orkunýtingaráætlun, dags. 20.03.24.**
   Lögð fram.

5. **2401089 - Betri Garðabær 2024 - hugmyndasöfnun og íbúakosning.**
   Á fund bæjarráðs kom Hrönn Hafliðadóttir, skipulagsfræðingur á umhverfissviði og gerði grein fyrir niðurstöðum matshóps varðandi verkefni sem lagt er til að fari í rafræna íbúakosningu undir heitinu „Betri Garðabær". Alls bárust 189 hugmyndir í hugmyndasamkeppni og skráðu 1169 einstaklingar sig inn á hugmyndavefinn. Skráðar voru 293 athugasemdir um innsendar hugmyndir. Matshópurinn leggur til að 20 hugmyndir fari í kosningu.
   Bæjarráð samþykkir tillögur matshópsins.

   Rafræn íbúakosning mun fara fram dagana 8. maí til 20. maí nk. Íbúar með skráð lögheimili í Garðabæ sem verða 15 ára á kosningaárinu og eldri geta tekið þá í kosningunni.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 26. mars 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**13. (2114). fundur 2024**

Þriðjudaginn 9. apríl 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Hlynur Bæringsson, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri, fjármála- og stjórnsýslusviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri,

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2308538 - Ársreikningur Garðabæjar 2023.**
Davíð Búi Halldórsson, löggiltur endurskoðandi, starfmaður Enor og Þorbjörg Kolbeinsdóttir, deildarstjóri bókhalds, mættu á fund bæjarráðs.

Davíð Búi Halldórsson, gerði grein fyrir rekstri bæjarins á árinu 2023, efnahagsreikningi í árslok og skýringum í ársreikningi. Fjallað var um lykiltölur og helstu niðurstöður.

Bæjarráð samþykkir framlagðan ársreikning Garðabæjar 2023 samkvæmt 3.mgr. 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningur er undirritaður af bæjastjóra og bæjarráði og vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar. Fyrri umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 18. apríl 2024 og síðari umræða á fundi bæjarstjórnar 2. maí 2024.

2. **2404085 - Tillaga að samþykkt um prókúruhafa sveitarfélagsins.**
Lögð fram eftirfarandi tillaga bæjarstjóra, varðandi prókúruhafa sveitarfélagsins.

„Samkvæmt 4. mgr. 55. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er bæjarstjóri prókúruhafi sveitarfélagsins. Bæjarstjóri leggur til að bæjarstjórn samþykki ákvörðun hans um að fela jafnframt Lúðvík Erni Steinarssyni, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og Lúðvík Hjalta Jónssyni, fjármálastjóra prókúru fyrir sveitarfélagið samkvæmt heimild í áðurnefndu lagaákvæði. Jafnframt er felld úr gildi prókúra Guðjóns Erlings Friðrikssonar, fyrrverandi bæjarritara.“

Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. **2402174 - Skerpluholt 5 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gauta Gunnarssyni, kt. 290980-3219, leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðum bílskúr.

4. **2402098 - Steinprýði 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Birni Sigurðssyni, kt. 110580-3209, leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús.

5. **2403203 - Opnun tilboða í leiksvæði og stíga í Urriðaholti.**
Eftirfarandi tilboð bárust í leiksvæði og stíga í Urriðaholti.

Krafla ehf., kr. 151.949.500
Garðyrkjuþjónusta Íslands ehf., kr. 168.952.800
Fagurverk ehf., kr. 138.631.900
Garðyrkjuþjónustan ehf., kr. 149.996.363
Gott verk ehf., kr. 129.979.000
Það er til lausn ehf., kr. 153.300.000
Mostak ehf., kr. 185.000.000
Garðasmíði ehf., kr. 142.059.184
Jóhann Helgi & Co., kr. 167.338.100
Alma Verk ehf., kr. 186.007.300
Stéttafélagið ehf., kr. 166.932.100

Kostnaðaráætlun kr. 133.148.160.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Góðs verks ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86.gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106.gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

6. **2401342 - Erindi frá Framkvæmdasýslunni vegna verðmats á lóð við Gesthúsavör 6.**
Lagt fram erindi frá Framkvæmdasýslunni varðandi verðamt á lóð við Gesthúsavör 6, að fjárhæð kr. 25.000.000.

Bæjarráð vísar erindinu til bæjarstjóra.

7. **2307075 - Bréf Veitna ohf. varðandi lóð fyrir smádreifistöð við lóð Olís, dags. 26. mars 2024.**
Í bréfinu er þess farið á leit að skipulagsnefnd falli frá því skilyrði að mannvirkið sé víkjandi.

Bréfinu er vísað til umfjöllunar í skipulagsnefnd.

8. **2305091 - Bréf Samkeppniseftirlitsins varðandi málslok vegna kvörtunar Fimleikafélags Hafnarfjarðar, dags 15. mars 2024.**
Lagt fram erindi Samkeppniseftirlitsins þar sem fram kemur að meðferð kvörtunar Fimleikafélags Hafnarfjarðar vegna samnings Garðabæjar og Knattspyrnusambands Íslands um leigu á Miðgarði, sé lokið. Samkeppniseftirlitið vekur athygli á áliti eftirlitsins í máli nr. 1/2012, þar sem kemur fram að gæta skuli að samkeppnissjónarmiðum við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera.

9. **2403495 - Bréf Golfklúbbsins Odds til Vegagerðarinnar varðandi ástand Elliðavatnsvegar (Flóttamannavegur), dags. 25. mars 2024.**
Í erindi Golfklúbbsins Odds er Vegagerðin hvött til að tryggja öryggi í kringum golfvelli í umsjón golfklúbbsins. Bæjarráð tekur undir erindi golfklúbbsins og áréttar sjónarmið bæjarins sem fram komu í umsögn hans vegna samgönguáætlunar fyrir árin 2024-2038, þar sem lögð er áhersla á að öryggi við Flóttamannaveginn verði tryggð.

10. **2403501 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til sambúðar).**
Lagt fram.

11. **2404053 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi fyrir Jazzþorpið á Garðatorgi.**
Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Jazzþorpið á Garðatorgi dagana 3.-5 maí.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

12. **2404083 - Tilkynning frá Kópavogsbæ varðandi breytingu á deiliskipulagi á útivistarsvæði í Kópavogsdal, dags. 5. apríl 2024.**
Bæjarráð vísar tilkynningunni til umfjöllunar skipulagsnefndar.

13. **2403225 - Opnun tilboða í framkvæmdir vegna stofnæðar vatnsveitu við Vífilsstaði.**

Eftirfarandi tilboð bárust í stofnæð vatnsveitu við Vífilstaði, jarðvinnu, lagnir og frágang.

SS Verktak ehf., kr. 65.995.000
Stjörnugarðar ehf., kr. 44.704.450
Alma verk ehf., kr. 74.756.475
Fagurverk ehf., kr. 57.786.100
Grafa og grjót ehf., kr. 44.887.500
Óskatak ehf., kr. 71.969.000
Urð og grjót ehf., kr. 44.470.000
Verktækni ehf., kr. 65.286.000
Ekran ehf., kr. 82.566.000
Stéttafélagið ehf., kr. 56.560.000

Kostnaðaráætlun kr. 61.217.000.

Afgreiðslu frestað.

14. **2404061 - Bréf Menntamálaráðuneytisins varðandi undanþágu í lausráðningar starfsmanna til kennslustarfa, dags. 2 apríl 2024.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:05,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 9. apríl 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Hlynur Bæringsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**13. (2114). fundur 2024**

Þriðjudaginn 16. apríl 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri,

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2401387 – Eskiás 8 – Umsókn um byggingarleyfi**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingafulltrúa að veita Framkvæmdafélaginu Eskiási ehf., kt. 501286-1419, leyfi til að byggja fjölbýlishús á þremur hæðum með 29 íbúðum.

2. **2310097 – Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts, sem nær til lóðanna Vinarstræti 22-28.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja, samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 11. apríl 2024, um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts. Tillagan gerir ráð fyrir að reisa félagsheimili Oddfellowreglunnar á lóð nr. 28. Lóð sem fyrir breytingu er lóð nr. 20-26 breytist í lóð nr. 20-24. Vestari hluti þeirrar lóðar verður sérstök lóð sem er ætluð undir bílastæði, en einnig verði heimilt að byggja bílakjallara á lóðinni.

   Tillagan var auglýst 11. desember 2023 og var frestur til að gera athugasemdir við tillöguna til 24. janúar 2024. Athugasemdir voru lagðar fram á fundi skipulagsnefndar 8. febrúar 2024. Á fundi skipulagsnefndar 11. apríl 2024 gerði skipulagsstjóri grein fyrir fundi með þeim sem gerðu athugasemdir, skipulagshöfundi og arkitektum, ásamt skuggavarpsteikningum.

   Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

3. **2404038 – Afgreiðsla skipulagsnefndar á fyrirspurn vegna reksturs minniháttar atvinnustarfsemi á Breiðabólstað.**
   Í fyrirspurninni er innt eftir hvort leyft verði að reka minniháttar atvinnustarfsemi með útleigu tveggja íbúða 9 mánuði á ári.

   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar, um að ekki sé hægt að fallast á að starfsemi sem sé umfram almenna heimagistingu sem heimiluð eru í íbúðarhverfum, enda kalli slíkt á breytingu aðalskipulags, þar sem Breiðabólstaðareitur verði þá skilgreindur sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

4. **2306463 – Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar, á grundvelli þess að gögnum verði breytt til samræmis við athugasemdir Skipulagstofnunar, sbr. bréf, dags. 19. febrúar 2024. Skipulagsnefnd telur ekki að breytingarnar varði grundvallaratriði tillögunnar og kallar því ekki á endurauglýsingu hennar.

Bæjarráð staðfestir samþykki skipulagsnefndar sem breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5. **2402118 – Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar vegna lóðarinnar að Lambamýri 3.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Breiðumýrar á Álftanesi vegna staðsetningar sorpskýlis í tengslum við matvöruverslun á lóðinni að Lambamýri 3

Grenndarkynna skal lóðarhöfum í Lambamýri og Svanamýri sem og íbúum í Birkiholti 1,3 og 5.

6. **2403271 – Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 – Rammahluti Vífilstaðalands.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að kynna íbúum og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna rammahluta Vífilsstaðalands, sbr. samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum

7. **2403504 – Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts norðurs sem nær til lóðarinnar Þorraholt 2-4.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholt norður vegna lóðarinnar við Þorraholt 2-4. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum.

> -Gert er ráð fyrir að lóðirnar Þorraholt 2-4, 2a og 2b (spennustöð og dælustöð) verði sameinaðar þannig að lóðin verði 11.406 m2.
> -3.000 m² bætt við bílageymslu í kjallara.
> -Nýtingarhlutfall breytist úr 2,2 í 2,4
> -Hús nr. 2 er hækkað um 2,5m, verður í sömu hæð og upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir sem samþykkt var í desember 2021.
> -Breidd byggingarreits húss nr. 2 minnkar úr 25m í 22m.
> -Grasþaki breytt í bílastæðaþak á húsi nr. 2.
> -Austurhluti 1. hæðar í húsi nr.2 verður atvinnurými í stað bílageymslu á 2 hæðum og byggingarreitur stækkar lítillega.
> -Gert er ráð fyrir akstursrömpum innan lóðamarka.
> -4 kjallarar í stað 2 - 3 kjallara.
> -Kjallari -2 verður atvinnurými.
> -Staðsetning spennistöðvar eru inni á lóð Þorraholti 2-4. Lóð dælustöðvar felld út.
> -Svalir og skyggni mega fara út fyrir byggingareit um allt að 2,0 metra.

Vekja skal athygli eigenda annarra eigna í Þorraholti og í Útholti 2,4,6,8 og 10 sem og Útholti 1-3, 5-9 og 11-17 á auglýsingunni.

8. **2403225 – Tilboð í framkvæmdir vegna stofnæðar vatnsveitu við Vífilsstaði.**
Eftirfarandi tilboð bárust í stofnæð vatnsveitu við Vífilsstaði, jarðvinnu, lagnir og frágang.

| | |
|---|---|
| SS Verktak ehf., | kr. 65.995.000. |
| Stjörnugarðar ehf., | kr. 44.704.450. |
| Alma verk ehf., | kr. 74.756.475. |
| Fagurverk ehf., | kr. 57.786.100. |
| Grafa og grjót ehf., | kr. 44.887.500. |
| Óskatak ehf., | kr. 71.969.000. |
| Urð og grjót ehf., | kr. 44.470.000. |
| Verktækni ehf., | kr. 65.286.000. |
| Ekran ehf., | kr. 82.566.000. |
| Stéttafélagið ehf., | kr. 56.560.000. |

Kostnaðaráætlun kr. 61.217.000.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Urð og grjót ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86.gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106.gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

9. **2403260 – Beiðni um viðræður við Garðabæ vegna uppbyggingar á nýjum leikskóla.**
Erindi óstofnaðs einkahlutafélags sem lýsir áhuga á rekstri leikskóla í bænum sem jafnframt myndi hýsa fyrsta íslenska TEACCH-þekkingasetrið, en um er að ræða rótgróna hugmyndarfræði með alþjóðlega útbreiðslu sem hönnuð var fyrir einhverf börn.

Bæjarráð vísar erindinu til fræðslu- og menningarsviðs.

10. **2402208 – Bréf Óbyggðanefndar varðandi endurskoðun fjármála- og efnahagsráðherra á kröfum um þjóðlendur á svæði 12, eyjum og skerjum, dags. 10. apríl 2024.**
Í bréfi Óbyggðanefndar kemur fram að kröfulýsingafrestur hafi verið framlengdur til 2. september 2024. Ástæða fyrir lengdum fresti er til að veita fjármála- og efnahagsráðherra svigrúm til að endurskoða kröfugerð ríkisins innan þess tíma.

11. **2404011 – Beiðni um fjárstuðning Garðabæjar við Stjörnuhlaup 2024.**
Drög að samstarfssamningi lögð fram. Bæjarráð staðfestir afgreiðslu íþrótta- og tómstundaráðs um að gera samstarfssamning við Stjörnuna um Stjörnuhlaupið. Samningurinn er til næstu þriggja ára, 2024-2026, með fastri árlegri upphæð, kr. 1.000.000.

12. **2404185 – Aðalfundarboð Betri samgangna ohf., vegna starfsársins 2023, dags. 5. apríl 2024.**
Lagt fram aðalfundarboð Betri Samgangna ohf., árið 2024, sem haldinn verður þriðjudaginn 23. apríl 2024, ásamt ársreikningi og starfskjarastefnu Betri samgangna ohf.

**13. 2402318 - Opnun tilboða í hirðu úrgangs við heimili í Mosfellsbæ og Garðabæ.**
Eftirfarandi tilboð bárust í hirðu úrgangs við heimili í Mosfellsbæ og Garðabæ

Útboðshluti 1: Lífrænt og almennt

| | |
|---|---|
| Íslenska gámafélagið ehf. | kr. 929.456.018. |
| Terra umhverfisþjónusta ehf. | kr. 970.277.910. |
| Kubbur ehf. | kr. 1.212.838.443 |

Kostnaðaráætlun kr. 1.163.088.129.

Útboðshluti 2: Pappír og plast

| | |
|---|---|
| Íslenska gámafélagið ehf. | kr. 740.383.555. |
| Kubbur ehf. | kr. 782.439.793. |
| Terra umhverfisþjónusta ehf. | kr. 798.145.013. |

Kostnaðaráætlun kr. 898.080.279.

Útboðshluti 3: Djúpgámar

| | |
|---|---|
| Terra umhverfisþjónusta ehf. | kr. 26.953.136. |
| Íslenska gámafélagið ehf. | kr. 29.703.456. |
| Kubbur ehf. | kr. 68.758.000. |

Kostnaðaráætlun kr. 39.560.603.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Íslenska gámafélagsins ehf. í útboðshluta 1. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Íslenska gámafélagsins í útboðshluta 2. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Terra umhverfisþjónustu ehf. í útboðshluta 3. Samþykktirnar eru með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86.gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106.gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**14. 2404211 – Drög að viljayfirlýsingu vegna tengingu fráveitu á Álftanesi við Skerjafjarðarveitu.**
Drög í vinnslu vegna viljayfirlýsingar Garðabæjar og annarra eigenda Skerjafjarðarveitu um að leggja í undirbúningsvinnu og hönnun á fráveitu sem hefur það markmið að tengja fráveitu frá Álftanesi og Garðaholti við Skerjafjarðarveitu. Gert er ráð fyrir að fráveitukerfið verði tengt við veituna með sjólögn yfir Skerjafjörð.

Bæjarráð vísar málinu til úrvinnslu á umhverfissviði.

**15. Beiðni um fjárstuðning Garðabæjar við Garðálfa, kór eldri borgara á Álftanesi.**
Beiðni Garðálfa, kórs eldri borgara á Álftanesi um styrk til starfsemi kórsins.

Bæjarráð vísar málinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 8:40,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 16. apríl 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar**
**27. fundur 2024**

Miðvikudaginn 10. apríl 2024 kl. 08:00 kom íþrótta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Kári Jónsson íþrótta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþrótta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2404116 - Íþróttaþing Garðabæjar**

   Rætt var um að ÍTG boði til íþrótta- og tómstundaþings í Garðabæ til að ræða helstu mál á þeim vettvangi. Umræður fóru fram um umræðuefni og fyrirkomulag. Stefnt verður að því að halda þingið næsta haust.

2. **2404120 - Þarfagreining varðandi aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf ungs fólks í Garðabæ**

   Umræður fóru fram um bókun bæjarstjórnar og ungmennaráðs Garðabæjar frá sameiginlegum fundi þeirra 21. mars sl. Íþrótta-, tómstunda- og forvarnafulltrúa var falið að draga saman gögn úr fyrri vinnu um hugmyndir að Ungmennahúsi. Formanni ÍTG var falið að fylgja verkefninu áfram og hefja samvinnu við ungmennaráð.

3. **2404011 - Stjörnuhlaup 2024**

   ÍTG tók fyrir drög að framlengingu samnings við hlaupahóp Stjörnunnar um stuðning við Stjörnuhlaupið.
   ÍTG leggur til við bæjarráð að gera samning til næstu þriggja ára, 2024-2026, með fastri árlegri upphæð, kr. 1.000.000,-"

4. **2404035 - Þór Þórhallsson - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Þórs Þórhallssonar vegna Granada 2024 WSPS World Championships í skotfimi fatlaðra á vegum ÍF 30. maí til 7. júní 2024.

5. **2404022 - Snæfríður Sól Ingvarsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar**

   ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Snæfríðar Sólar Ingvadóttur vegna Dance world cup 2024 30. júní í Prag, Tékklandi.

Önnur mál:
a) Íþrótta-, forvarna- og tómstundafulltrúi upplýsti nefndina um vinnu sem hefur átt sér stað varðandi sumarfrístund í Garðabæ árið 2024. Hann hefur haft samband við íþrótta- og tómstundafélög í bænum

og óskað eftir upplýsingum um framboð á sumarnámskeiðum. Flest félög hafa svarað en enn er beðið eftir upplýsingum frá nokkrum. Starfsfólk Garðabæjar vinnur að því að kortleggja framboð á sumarfrístundastarfi í bænum sumarið 2024 með það fyrir augum að tryggja að þjónusturof verði ekki og að eitthvað sé í boði fyrir börn á aldrinum 6-12 ára í hverri viku í sumarfríi grunnskólanna.

b) næsti fundur ÍTG verður 8. maí og síðasti fundur vetrarins er færður fram um viku til 5. júní.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**
**56. fundur 2024**

Föstudaginn 22. mars 2024 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson formaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Einar Örn Ævarsson aðalmaður, Laufey Arna Arnalds Johansen varamaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2403132 - Útnefning bæjarlistamanns 2024 og heiðursviðurkenning**

   Menningar- og safnanefnd Garðabæjar ræddi tillögur um næsta bæjarlistamann Garðabæjar og heiðursviðurkenningarhafa. Ákvörðun nefndar liggur fyrir og verður send bæjarráði í kjölfarið.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**4. fundur 2024**

Fimmtudaginn 11. apríl 2024 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2403271 - Aðalskipulag Gbr 2016-2030, breyting á rammahluta Vífilsstaðalands. Tilfærslur á íbúðafjölda.**

Lögð fram tillaga að skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Rammahluti Vífilsstaðalands og breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts - norður. Breytingin nær til fjölda íbúðaeininga á svæðinu.
Breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 (Rammahluti Vífilsstaðalands) var samþykkt á fyrri hluta ársins 2021. Í Rammahluta Vífilsstaðalands eru m.a. settir skilmálar um uppbygginguu s.s. landnotkun, byggingarmagn og fjölda íbúða. Breyting var gerð á Rammahluta Vífilsstaðalands og samhliða deiliskipulagi Hnoðraholt norður sumarið 2023 þar sem hámarkshæð bygginga á landnotkunarreit Íb 4.11 var hækkuð og íbúðum í Hnoðraholt norður fjölgað úr 400-450 í 470-520. Uppbygging er hafin á á landnotkunarreit Íb 4.11 en fyrr í vetur hóf Garðabær úthlutun á þeim lóðum sem eftir stóðu í deiliskipulagsáfanga Hnoðraholt norður.
Innan deiliskipulags Hnoðraholts norður er gert ráð fyrir fjölbreyttum íbúðum í sérbýli og fjölbýli, þar á meðal er nokkuð um mjög rúmgóð raðhús. Á höfuðborgarsvæðinu er mikill eftirspurn eftir húsnæði og hefur sú eftirspurn aukist á undanförum mánuðum. Breyttar aðstæður kalla á betri landnýtingu og sér Garðabær tækifæri til þess að nýta land betur á völdum stöðum innan svæðisins, m.a. til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir íbúðahúsnæði og stuðla að hagkvæmari nýtingu lands og innviða.
Breyting á Rammahluta Vífilsstaðalands (Hnoðraholt/Vetrarmýri/Vífilsstaðir) gerir ráð fyrir því að fjölga íbúðum innan svæðisins í allt að 2.700 íbúðir í stað 2.470. Breyting á deiliskipulag Hnoðraholt norður gerir ráð fyrir því að fjöldi íbúða geti orðið allt að 600 í stað 520.
Breytingin tekur áfram mið af gildandi svæðisskipulagi og landsskipulagsstefnu, s.s. um sjálfbæra þróun og hagkvæman vöxt höfuðborgarsvæðisins og er í samræmi við gildandi aðalskipulag (Rammahluta Vífilsstaðalands). Í skipulagstillögunum verður fjallað um áhrif breytinganna á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga.
Skipulagsnefnd samþykkir framlagða skipulagslýsingu og felur skipulagsstjóra að vinna að mótun breytingartillögu aðalskipulags í samræmi við 1.mgr.30.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

2. **2311113 - Hæðir, endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Hæðahverfis (Bæjargil II.áfangi) að lokinni forkynningu.
Kynningarfundur var haldinn þann 11.mars og var hann vel sóttur.
Umsagnir og ábendingar sem borist hafa lagðar fram.
Skipulagsnefnd vísar umsögnum til úrvinnslu.

3. **2208310 - Bæjargil, endurskoðað deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Bæjargils að lokinni forkynningu.
Umsagnir sem borist hafa lagðar fram.
Kynningarfundur var haldinn þann 11.mars og var hann vel sóttur.
Skipulagsnefnd vísar umsögnum til úrvinnslu.

4. **2208311 - Búðir, athafnasvæði, endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi athafnahverfis í Búðum (Iðnbúð/Smiðsbúð/Gilsbúð) að lokinni forkynningu. Umsagnir sem borist hafa lagðar fram.
Kynningarfundur var haldinn þann 11.mars og var hann vel sóttur.
Skipulagsnefnd vísar umsögnum til úrvinnslu.

5. **2403204 - Hestamýri 1-3 - dsk br. Breiðamýri**

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Breiðumýrar sem nær til fjölbýlishúsabyggðar við Hestamýri.
Skipulagsnefnd vísar umsókninni til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

6. **2403405 - Hólmatún dsk. br. - Dælustöð fráveitu**

Lögð fram umsókn umhverfissviðs um breytingu deiliskipulags Hólmatúns sem gerir ráð fyrir staðsetningu dælustöðvar fráveitu til samræmis við ákvæði aðalskipulags.
Kristleifur Guðjónsson hjá Eflu gerði grein fyrir stöðu málsins en ljóst er að setja þarf upp varanlegan fráveitubrunn og hreinsistöð til bráðabirgða þangað til endanleg hönnun fráveitukerfis á Álftanesi liggur fyrir.
Vísað til útvinnslu hjá umhverfissviði og Eflu ehf.

7. **2402118 - Lambamýri sorpskýli verslunar, dsk br Breiðamýri**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags fjölbýlishúsabyggðar í Breiðumýri sem gerir ráð fyrir staðsetningu sorpskýlis í tengslum við rekstur matvöruverslunar að Lambamýri 3.
Skipulagsnefnd fellst á útfærslu tillögunnar að öðru leyti en því að lagt er til að þak sorpskýlis verði með grasi enda blasir það við nálægum íbúðum.
Gert verði ráð fyrir bílastæðum í deiliskipulagi með aðkomu frá Breiðumýri þar sem Álftaneskaffi er nú. Bílastæði norðan við spennistöð verði til bráðabirgða þar til Álftaneskaffi verður fjarlægt. Setja skal um ákvæði um gróður milli sorpskýlis og spennistöðvar.
Skipulagsnefnd metur tillöguna með ofangreindum breytingum sem óverulega breytingu deiliskipulags Breiðumýrar í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga

nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum í Lambamýri og Svanamýri sem og íbúm í Birkiholti 1,3 og 5.

**8. 2404038 - Breiðabólsstaðir - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn um það hvort leyft verði að reka minniháttar atvinnustarfsemi með útleigu tveggja íbúða 9 mánuði á ári.
Svar: Ef um er að ræða gistingu til útleigu til ferðamanna er ekki hægt að fallast á þá starfsemi sem er umfram almenna heimagistingu sem heimiluð er í íbúðarhverfum 90 daga á ári.
Breiðabólstaðir eru inni á landnotkunarreit fyrir íbúðarbyggð. Ef unnt á að vera að veita heimild fyrir starfsemi eins og sótt er um þyrfti að liggja fyrir jákvæð niðurstaða að undangenginni breytingu aðalskipulags þar sem að Breiðabólstaðareitur yrði skilgreindur fyrir verslun og þjónustu.

**9. 2305147 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahrauns vegna lóðarinnar að Hraungörðum**

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Garðahrauns sem gerir ráð fyrir skiptingu lóðarinnar Hraungarðar (Garðprýði 1)
Lagt fram minnisblað skipulagsstjóra um tillöguna.
Skipulagsnefnd tekur undir það sem fram kemur í minnisblaði að til greina komi að skipta lóðinni upp í tvær lóðir og að nýtt hús yrði staðsett í suðausturhorni núverandi lóðar og að aðkoma yrði innan lóðarinnar. Þar sem að áberandi hraunmyndanir eru til staðar á lóðinni þarf að taka sérstaklega tillit til þeirra. Því fer nefndin fram það ef sótt er um breytingu deiliskipulags í samræmi við framangreint að ítarlegar skýringarmyndir fylgi sem sýni útfærslu húss og með hvaða hætti hún tekur tillit til hraunmyndana.

**10. 2403504 - Hnoðraholt norður - Þorraholt 2-4 - Dsk.br.**

Lögð fram öðru sinni tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholts norður sem nær til lóðarinnar Þorraholt 2-4.
Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi.
-Gert er ráð fyrir að lóðirnar Þorraholt 2-4, 2a og 2b (spennustöð og dælustöð) verði sameinaðar þannig að
lóðin verði 11.406 m2.
-3.000 m² bætt við bílageymslu í kjallara.
-Nýtingarhlutfall breytist úr 2,2 í 2,4
-Hús nr. 2 er hækkað um 2,5m, verður í sömu hæð og upphaflegt deiliskipulag gerði ráð fyrir sem samþykkt var í desember 2021.
-Breidd byggingarreits húss nr. 2 minnkar úr 25m í 22m.
-Grasþaki breytt í bílastæðaþak á húsi nr. 2.
-Austurhluti 1. hæðar í húsi nr.2 verður atvinnurými í stað bílageymslu á 2 hæðum og byggingarreitur stækkar lítillega.
-Gert er ráð fyrir akstursrömpum innan lóðamarka.
-4 kjallarar í stað 2 - 3 kjallara.
-Kjallari -2 verður atvinnurými.
-Staðsetning spennistöðvar eru inni á lóð Þorraholti 2-4. Lóð dælustöðvar felld út.
-Svalir og skyggni mega fara út fyrir byggingareit um allt að 2,0 metra.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Vekja skal athygli á auglýsingunni með því að senda erindi til eigenda annarra eigna í Þorraholti og í Útholti 2,4,6,8 og 10 sem og Útholti 1-3, 5-9 og 11-17.

**11. 2402558 - Stekkholt 22 - Dsk.br.**

Lögð fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu Hnoðraholts norður sem nær til einbýlishúslóðarinnar Stekkholt 22.
Umsögn deiliskipulagshöfundar lögð fram.
Vísað til frekari skoðunar hjá umhverfissviði.

**12. 2306463 - Vetrarmýri - Deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar ásamt erindi Skipulagsstofnunar dags 19.febrúar sl. en tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar sbr. 3.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarráðs.
Í erindinu var gerð athugasemd við að birt væri auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar áður en að brugðist væri við eftirfarandi þremur atriðum sem eru tilgreind hér að neðan.

Athugasemd 1:
Heimilað hlutfall atvinnuhúsnæðis er í ósamræmi við ákvæði rammahluta aðalskipulags fyrir Vetrarmýri (Vífilsstaðalands) þar sem að í töflu 4 á bls 53 í greinargerð segir í skipulagsákvæðum fyrir landnotkunarreit 4.08 M að gert sé ráð fyrir u.þ.b. 35.000-44.000 m2 af skrifstofum, þjónustu og atvinnuhúsnæði. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem auglýst var gerir hins vegar ráð fyrir 29.558 m2 og vantar því 5.442 m2 upp á að það ákvæði sé uppfyllt.
Tillaga að viðbrögðum:
Tillögu verði breytt þannig að skipulagi á jarðhæð í húsum nr.9 og 13 verði breytt og sá hluti sem auglýst breytingartillaga skilgreindi sem rými fyrir bifreiðargeymslur verði breytt í rými fyrir atvinnu. Við þá breytingu hækkar fermetrafjöldi atvinnuhúsnæðis í Vetrarmýri úr 29.558 í 35.488. Rými í bílageymslu minnkar sem því nemur. Þar með verður ákvæði um rammahluta aðalskipulags um fermetrarfjölda atvinnuhúsnæðis uppfyllt.

Athugasemd 2
Gera þarf grein fyrir og fjalla um umhverfisáhrif áætlunarinnar sbr. Lög nr.111/2021.
Tillaga að viðbrögðum:
Tillögu mun fylgja skýrsla sem skipulagsráðgjafi hefur útbúið þar sem gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum breytingarinnar.

Athugasemd 3
Gera þarf betur grein fyrir því hvar verið er að fjölga íbúðum innan svæðisins og áhrifum þess.
Tillaga að viðbrögðum:
Á blaðsíðu 2 í skýrslu skipulagsráðgjafa um umhverfisáhrif breytingarinnar er fjölgun og staðsetning íbúða fyrir og eftir breytingu útskýrð.

Skipulagsnefnd fellst á ofangreindar tillögur að viðbrögðum og hefur gögnum verið breytt því til samræmis. Skipulagsnefnd telur ekki að breytingarnar varði grundvallaratriði tillögunnar og kallar því ekki á endurauglýsingu hennar.

Gerð er grein fyrir breytingum eftir athugasemdir Skipulagsstofnunar á lagfærðum uppdrætti og í greinargerð.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.123/2010.

**13. 2310097 - Vinastræti 22-28 - Deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts 3.áfanga sem nær til lóðanna Vinastræti 22, 24, 26 og 28 að lokinni auglýsingu. Samkvæmt tillögunni er fyrirhugað að reisa félagsheimili Oddfellowreglunnar á lóð nr.28. Lóð sem fyrir breytingu er atvinnuhúsnæðislóð nr. 20-26 breytist í lóð nr. 20-24. Vestari hluti þeirrar lóðar verður sérstök lóð sem er ætluð undir bílastæði en einnig verði heimilt að reisa bílakjallara á þeirri lóð.
Athugasemdir sem bárust lagðar fram og skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi með þeim sem gerðu athugasemdir, skipulagshöfundi og arkitektum sem falið hefur verið að hanna félagsheimili Oddfellowreglunnar að undangenginni arkitektasamkeppni.
Lögð fram greinargerð arkitekta ásamt myndum sem sýna skuggavarp og sneiðingum. Skoðað hefur verið að hnika byggingunni til á lóðinni en niðurstaða þeirrar vinnu er sú að það sé ekki unnt nema með því að gera miklar breytingar á tillögunni. Sýnt er fram á með skuggavarpsmyndum að áhrif breytingarinnar á aðliggjandi hús að norðanverðu er lítil.
Skipulagsnefnd fellst á rök arkitekta hvað þessi atriði varðar og tekur undir að áhrif breytingarinnar séu það lítil að ekki sé ástæða til að ráðast breyta tillögunni.
Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna óbreytta í samræmi við 3.mgr.41.gr.skipulagslaga nr.1123/2010.

**14. 2403396 - Kjóavellir - óveruleg dsk.br. - Reiðstígar**

Lögð fram umsókn Spretts um breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla sem nær til reiðstígakerfis í nágrenni reiðhallar við Hattarvelli.
Umsókn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

**15. 2404083 - Kópavogsdalur - útivistarsvæði Dalsmári 5 - nýr æfingavöllur með lýsingu**

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna.

**16. 2310233 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2023**

Lagt fram.

**17. 2403042F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3**

Lagt fram.

17.1 2403295 - Skerpluholt 11 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3**

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar og gatnahönnuðar.

17.2 2403346 - Ægisgrund 5 grindverk/hýsi- Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3**

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu girðinga á lóðarmörkum að götunni Þórsgrund allt að 1,2-1,4 m yfir landi og að lóðinni Þórsmörk 1,4 til 1,6 m.
Einnig er spurt hvort heimilað verði að reisa smáhýsi, rétt tæplega 15 m² að flatarmáli á norður hluta lóðar í 1 m fjarlægð að lóðarmörkum að Þórsmörk.
Í deiliskipulagi Ása og Grunda er ekki kveðið á um smáhýsi og er því miðað við ákvæði byggingarreglugerðar. Hæð fyrihugaðs smáhýsis kemur ekki fram í fyrirspurn en Skipulagsstjóri gerir ráð fyrir að það sé ekki yfir 2,5 m eins og kveðið er á í byggingarreglugerð í ákvæðum um smáhýsi.

Skipulagsstjóri heimilar fyrir hönd Garðabæjar sem er eigandi Þósmerkur og götusvæðis Þórsgrundar að reistar verði girðingar eins og óskað er eftir. Bent er á að samþykki eigenda aðliggjandi lóðar þarf að liggja fyrir þegar girðingar eru reistar á lóðarmörkum.

Skipulagsstjóri samþykkir staðsetningu smáhýsis í 1m fjarlægð frá lóðarmörkum að Þórsmörk með því skilyrði að eigendur aðliggjandi lóða, Ægisgrundar 3 og 7 áriti á teikningu að þeir geri ekki athugasemd við útfærslu smáhýsis á þessum stað.

17.3 2402174 - Skerpluholt 5 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3**

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi.
Uppdrættir gera ráð fyrir því að grunnflötur húss sé 240 m² en deiliskipulag heimilar 225 m².
Með vísan í bókun skipulagsnefndar frá 14. mars sl. um Skerpuholt 3 og Skerpluholt 5 gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr. sömu greinar hvað 240 m² heildarflatarmál varðar.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**
**18. fundur 2024**

Miðvikudaginn 20. mars 2024 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, Rakel Steinberg Sölvadóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hafdís Bára Kristmundsdóttir fulltrúi skólastjóra, Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara, Rakel Svansdóttir varamaður kennara og Vera Rut Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi..

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2310233 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2023**

   Deildarstjóri þjónustu og starfrænnar þróunar kynnti helstu niðurstöður íbúakönnunar Gallup 2023.

2. **2312005 - Þróunarsjóður grunnskóla 2024**

   Kynntar voru niðurstöður um úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar 2024. Alls bárust 11 umsóknir, samtals að fjárhæð 16.410.667.-. Allar umsóknir voru teknar til afgreiðslu og leggur skólanefnd til við bæjarráð að úthlutað verði 16.410.667.-, til 11 verkefna, sbr. 4. gr. reglna um þróunarsjóð grunnskóla. Stefnt er að annarri úthlutun síðar á árinu.

3. **2403291 - Rannsóknir og greining, niðurstöður 2023**

   Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs kynnti niðurstöður R&G meðal nemenda í 5.- 7. og 8., - 10. bekkja, sem lögð var fyrir í október/nóvember 2023. Sérstök kynning var haldin mánudaginn 11. febrúar fyrir skólastjórnendur og pólitíska fulltrúa í Garðabæ. Frekari kynningar eru ráðgerðar í grunnskólum fyrir nemendur og forráðafólk.

4. **2402322 - Erindi til skólanefnda leik- og grunnskóla frá Hjallastefnunni**

   Framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar óskar eftir að færa einn af skipulagsdögum haustsins á skóladagatali skólaársins 2024-2025, til 11. október 2024 vegna sameiginlegs starfsdags Hjallastefnunnar. Skólanefnd bókar að Garðabær hefur samþykkt skóladagatöl tvö ár fram í tímann. Skólanefnd samþykkir erindið enda tryggi skólinn opnun frístundaheimilisins eins og tíðkast á starfsdögum. Skólanefnd gerir ráð fyrir að skipulagsdagar falli að skóladagatali Garðabæjar næstu árin.

5. **2403275 - Kynning og samtal við stjórnendur Hjallastefnunnar**

   Skólanefnd þakkar skólastjórnendum Hjallastefnunnar fyrir áhugaverða kynningu og lýsir ánægju með að kynnast skólanum og skólastarfinu með þessum hætti. Skólastjórar fór yfir nemendafjölda, mönnun aðstæður og framtíðarhorfur.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Velferðarráð Garðabæjar**
**3. fundur 2024**

Miðvikudaginn 20. mars 2024 kl. 16:00 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Vigdís Gunnarsdóttir varamaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2304498 - Innleiðing farsældar í Garðabæ**

   Kolbrún Þorkelsdóttir, verkefnastjóri innleiðingar farsældar barna í Garðabæ, kynnti stöðu verkefnisins og svaraði fyrirspurnum nefndarmanna.

2. **2006237 - Barnvæn sveitarfélög**

   Gunnar Hrafn Gunnarsson, verkefnastjóri innleiðingar Barnvæns samfélags, kynnti framgang verkefnisins.

3. **2106171 - Trúnaðarmál**

   Afgreiðsla afgreiðslufundar stuðnings- og stoðþjónustu frá 18. janúar 2024 er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarhluta fundargerðar.

4. **2212007 - Trúnaðarmál**

   Afgreiðsla afgreiðslufundar stuðningsþjónustu frá 25. janúar 2024 er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarhluta fundargerðar.

5. **2301082 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2023-2026**

   Áframhaldandi vinna velferðarráðs við drög að aðgerðaáætlun jafnréttisstefnu Garðabæjar. Farið yfir kaflann Garðabær sem stjórnvald.

6. **1903268 - Tölulegar upplýsingar í barnavernd og fjárhagsaðstoð**

   Tölfræði í barnavernd og fjárhagsaðstoð árið 2023 og janúar-febrúar 2024 lögð fram til umræðu og kynningar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**
**2. fundur 2024**

Fimmtudaginn 11. apríl 2024 kl. 08:30 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristín Einarsdóttir formaður, Sveinbjörn Halldórsson aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Pála Marie Einarsdóttir umsjónarþroskaþjálfi.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2404062 - Tillögur að auknum náms- og starfstækifærum fyrir fatlað fólk**

   Kynning á nýútkominni skýrslu starfshóps um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk. Sara Dögg Svanhildardóttir, kynnir skýrsluna og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

2. **2310233 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2023**

   Kynning á þjónustukönnun Gallup fyrir árið 2023. Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar fór yfir niðurstöður könnunar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

3. **2209275 - Tillaga um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk**

   Farið yfir stöðu verkefnis tengt myndum rýnihópa og næstu skref verkefnis. Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar sat fundinn undir þessum lið.

4. **2402425 - Endurskoðun á reglum Garðabæjar um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.**

   Drög að endurskoðuðum reglum um styrk til náms og verkfærakaupa lagðar fram til umræðu. Sigríður Logadóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi fór yfir drögin og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Ungmennaráð Garðabæjar**
**3. fundur 2024**

Fimmtudaginn 21. mars 2024 kl. 16:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Valgerður Eyja Eyþórsdóttir formaður, Íris Lind Steinþórsdóttir, Anna Kristín Elmarsdóttir, Heiða Bríet Andradóttir, Emilía Ósk Hauksdóttir, Eyþór Elvar Þórarinsson, Auður Ýr Magnúsdóttir, María Draumey Kjærnested, Freyja Huginsdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Daníel Pétursson, Tómas Þór Jacobsen og Gunnar Richardson.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans.

Fundur ungmennaráðs með bæjarstjórn Garðabæjar og fulltrúum nefnda. Sigríður Hulda Jónsdóttir, Almar Guðmundsson, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Sara Dögg Svanhildardóttir, Björg Fenger, Harpa Þorsteinsdóttir, Margrét Bjarnadótir, Hrannar Bragi Eyjólfsson. Aðrir gestir: Guðbjörg Linda Udengard, Gunnar Richardson og Tómas Jacobsen umsjónarmaður. Einnig sat fundinn með ungmennaráði Una Kristjana Hannesdóttir.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2401576 - Starf og verkefni ungmennaráðs.**

Valgerður Eyja Eyþórsdóttir formaður ungmennaráðs rakti helstu verkefni ráðsins á undanförnum mánuðum. Ráðið hefur fengið aukið vægi og þróast mikið á síðustu árum og finna fyrir því að bærinn tekur ráðið alvarlega og felur því fleiri verkefni. Ungmennaráð hélt vel heppnað ungmennaþing í október sl. Fulltrúar hafa setið í stýrihóp Barnvæns sveitarfélags, farið á ráðstefnur m.a. á vegum Unicef og tekið þátt og verið sýnileg á stórum viðburðum félagsmiðstöðva bæjarins svo eitthvað sé nefnt.

Til máls tóku ýmsir bæjarstjórnarfulltrúar og þökkuðu fyrir góða kynningu.
Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar gat þess sérstaklega að fundargerðir ungmennaráðs væru mikilvægar og teknar til umfjöllunnar sbr. aðrar fundargerðir nefnda.

2. **2401576 - Ungmennahús og aðstaða fyrir ungt fólk.**

Emilía Ósk Hauksdóttir fulltrúi í ungmennaráði ræddi vöntun á aðstöðu fyrir ungt fólk. Rakti hún verkefnið sem verið hefur til skoðunar í langan tíma. Það sé þörf og vöntun á aðstöðu þar sem fólk getur hist, lært saman, unnið að listsköpun og eflt félagsleg tengsl. Nefndi hún dæmi um það sem vel er gert í öðrum sveitarfélögum.
Einnig vitnaði Emilía í Berglindi M. Valdimarsdóttur, forvarnarfulltrúa FG sem telur mikla þörf á ungmennahúsi. Oft á tíðum er ekki mikið í boði fyrir ungmenni á þessum aldri og því eru mörg ungmenni sem leitast út í drykkju eða annað óæskilegt. Það hafa ekki allir áhuga á því að fara í ræktina eða stunda skipulagt íþróttastarf og því telur hún þetta mikilvægt skref fyrir Garðabæ til þess að mæta þörfun ungmenna og auka félagsleg tengsl og andlegan líðan.

Í umræðum bæjarstjórnarfulltrúa kom fram að málið hefur legið í dvala m.a. vegna Covid og eins var málið tengt endurskoðun á húsnæði Betrunarhússins á Garðatorgi sem

varð ekki eins og til stóð um tíma. Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi benti á að skoða möguleika varðandi Miðgarð og Harpa Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi hvatti til þess að eiga meira samtal um málið.
Eftir umræðu lagði forseti bæjarstjórnar fram eftirfarandi tillögu.

"Ungmennaráð og bæjarstjórn Garðabæjar eru sammála um fara í hugmyndavinnu og þarfagreiningu varðandi aðstöðu fyrir félags- og tómstundastarf ungs fólks í bænum. Verði meðal annars byggt á fyrri vinnu Íþrótta og tómstundaráðs um sama mál. Fulltrúar úr íþrótta- og tómstundaráði og ungmennaráði skulu vinna að málinu í sameiningu og leggi fram áfangaskýrslu fyrir lok september 2024."

Tillagan var samþykkt af öllum fulltrúum ungmennaráðs og bæjarstjórnar.

**3. 2401576 - Samgöngumál.**

Freyja Huginsdóttir fulltrúi í ungmennaráði ræddi samgöngur. Ungmenni eiga erfitt með að koma sér heim á kvöldin eftir tómstundastarf þar sem Strætó er oft hættur að ganga á þeim tíma og slíkt er ekki viðunandi. Ungmenni vilja vera frjáls ferða sinna og ekki hafa allir þann möguleika að fá foreldri eða systkini til þess að sækja sig. Þau vilja tryggja að ungmenni í Garðabæ geti treyst á Strætó og komist heil á húfi heim.
Öflugar almenningssamgöngur hafa einnig jákvæð áhrif á umhverfið. Allt er þegar þrennt er - frelsi, öryggi og bætt umhverfi.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, fulltrúi bæjarins í stjórn Strætó nefndi að þessi mál væru í sífelldri skoðun og reynt væri að bæta þjónustuna. Nefndi hann að verið væri að skoða nýtt app sem ætti að bæta utantímaþjónustuna. Vakti hann einnig athygli á nýjum rafstrætóum í Garðabæ. Almar Guðmundsson bæjarstjóri, minnti á að allt kostar og nú er hlutur Garðabæjar hálfur milljarður í rekstrinum. Sara Dögg Svanhildardóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir tóku undir röksemdir vegna öryggis- og umhverfissjónarmiða og aukin notkun vagna væri besta leiðin til sýna meiri þörf fyrir þjónustuna.

**4. 2401576 - Fræðsla í skólum.**

María Draumey Kjærnested fulltrúi ungmennaráðs ræddi almennt um fræðslu í skólum. Ýmislegt mætti bæta t.d. fjármálalæsi, lestur launaseðla ofl. Ungmenni í Garðabæ kalla eftir meiri fræðslu en þá helst um fíkniefni, kynfræðslu, samskipti, skyndihjálp og kynbundið ofbeldi. Hvað varðar fræðslu í skólum þá virðist vanta samræmi á milli skóla því ekki allir skólar í Garðabæ fá sömu fræðslu. Á ungmennaþinginu var rætt um Sjúkást kynninguna sem öll ungmenni ættu að fá áður en þau fara á Samfés.
Einnig var rætt um að það vanti meiri samfellu í kynfræðslu og nauðsyn þess að byrja fyrr en síðar með fræðsluna. Mælingar og tölur um kynbundið ofbeldi væru háar.

Ungmennaráðið er að vinna að úrvinnslu þeirra hugmynda sem fengust af Ungmennaþingi Garðabæjar 2023 og að koma þeim á framfæri og í framkvæmd sem fyrst.

Til máls tóku bæjarfulltrúar, Gunnar Valur Gíslason, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, Margrét Bjarnadóttir og Harpa Þorsteinsdóttir. Hvöttu þau ungmennaráð til dáða og þökkuðu það

sem lagt var til málanna. Gunnar Valur Gíslason ræddi vinnu við jafnréttisáætlun og mikilvægi þess að fá innlegg og álit ungmennaráðs. Þorbjörg Þorvaldsdóttir nefndi áætlun í Hafnarfirði sem vert væri að skoða, Margrét Bjarnadóttir ræddi hvort kennarar gætu gert meira varðandi fræðslu og þyrfti þá ekki alltaf utanaðkomandi aðila og Harpa Þorsteinsdóttir nefndi rannsóknir á ungu fólki og hvatti til endurgjafar upplýsinga til barna og ungmenna.

Forseti bæjarstjórnar og formaður skólanefndar bentu á nýja skólastefnu þar sem margt er ávarpað til að gera betur. Beindi formaður skólanefndar því til ungmennaráðs að senda inn tillögur til skólanefndar og það yrði skoðað.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Öldungaráð**
**1. fundur 2024**

Mánudaginn 18. mars 2024 kl. kom öldungaráð saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður og Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **2310233 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2023**

   Kynning á nýútkominni þjónustukönnun Gallup fyrir árið 2023. Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar fór yfir niðurstöður könnunar og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

2. **2403178 - Kynning á dagskrá 2024**

   Kynning á dagskrá FEBG árið 2024. Anna Möller formaður félagsins kemur á fundinn og fer yfir þáttöku á viðburðum FEBG og kynnir dagskrána.

3. **2403179 - Kynning á dagskrá 2024**

   Kynning á dagskrá FEBÁ árið 2024, Arnór Valdi Valdimarsson, formaður félagsins og Ólafur R, Magnússon varaformaður koma á fundinn og fara yfir dagskrána.

4. **1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun**

   Farið yfir næstu skref í aðgerðaráætlun, lagt til að hver og einn ráðsmaður fari yfir áætlunina og á næsta fundi öldungaráðs verði farið yfir punkta hvers og eins, sem innlegg inn í nýja aðgerðaráætlun 2024-2026.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

# Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

## 25. mars 2024,
## 22. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð

Mánudaginn 25. mars 2024 fór fram 22. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30. Allir aðalmenn voru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Svanur Karl Grjetarsson, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson, Hannes Tryggvi Hafstein og Ingibjörg Hauksdóttir. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir til fundarins, Hörður Þorsteinsson, Árni Davíðsson og Katrín Huld Káradóttir.

## 1 Rekstrarmál

*1.1. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness kynntur og áritaður.*

Framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning eftirlitsins fyrir árið 2023. Reikningurinn er áritaður af Hjördísi Ólafsdóttur löggiltum endurskoðanda frá KPMG ehf. Í árituninni kemur fram að KPMG hefur endurskoðað ársreikninginn fyrir árið 2023 sem hafi að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Í álitinu kemur fram að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu eftirlitsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga.

Í skýrslu stjórnar er kemur fram að tekjur heilbrigðiseftirlitsins voru 199,8 milljón króna á árinu sem skiptast annar vegar í tekjur af hundaeftirliti 31,2 millj. kr. og hins vegar í tekjur af eftirlitsgjöldum og starfsleyfum sem voru 168.6 millj. kr. Sá kostnaður heilbrigðiseftirlitsins sem eftirlitstekjur standa ekki undir greiðast af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs í samræmi við 46. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framlag sveitarfélaganna til rekstursins var 96,7 millj. kr. og fara þau framlög í verkefni sem tengjast umhverfisvöktun, þjónustu við íbúa og önnur verkefni sem sveitarfélögin fela heilbrigðiseftirlitinu að framkvæma. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna væru 95,1 millj. kr. og er frávik frá áætlun um 2,5 %.

*Bókun:*

*Heilbrigðisnefnd samþykkir reikninginn og staðfestir með undirritun sinni.*

## 2 Önnur mál

*1. Aðgerðaáætlun matvælastefnu Íslands*

Matvælastefna Íslands til ársins 2040 var samþykkt á Alþingi í júní 2023. Matvælastefnu er ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Hér á landi eru tækifærin mörg og mikilvægt að nýta þau með samræmdum aðgerðum. Aðgerðaáætlun

matvælastefnu er samantekt úr stefnumótun sem undir hana fellur, ásamt aðgerðum sem ná til þeirra málaflokka sem eru á ábyrgð matvælaráðuneytisins. Aðgerðaáætlunin er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda.

Það vakti athygli stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi að 27 aðilum var boðið að senda inn umsögn um aðgerðaáætlunina, en heilbrigðiseftirlitin eða stjórn heilbrigðiseftirlitssvæða var ekki á þeim lista. En allir geta sent inn umsögn í samráðsgátt og hefur stjórn SHÍ sent inn umsögn sína.

Í umsögn stjórnar SHÍ er gerð athugasemd við þá aðgerðaáætlun um að matvælaeftirlit verði samræmt og sett undir eina stofnun.

Stjórn SHÍ er ekki sammála þeirri niðurstöðu starfshópsins sem vitnað er í aðgerðaáætluninni að samræmingu á matvælaeftirliti hafi ekki náð framgangi. Margt hefur áunnist í þeirri viðleitni að samræma vinnubrögð í matvælaeftirliti og við leyfisveitingar. Unnið er eftir eftirlitshandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, sem gefin var út af Matvælastofnun eftir ítarlegt samráð við heilbrigðiseftirlitssvæðin. Aukin krafa um rafrænar lausnir í eftirliti og í samskiptum við eftirlitsaðila hefur verið svarað með því að Matvælastofnun hefur lagt fram grunn að eftirlitskerfi sem notuð eru af sumum heilbrigðiseftirlitssvæðunum á meðan önnur svæði hafa notað aðrar lausnir til að færa niðurstöður eftirlits og taka á móti leyfisbeiðnum frá rekstraraðilum. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun hefur stofnunin fengið lítið fjármagn til þessa verkefnis og því hefur áherslan á að koma fram með rafrænar lausnir og aukin kraft í samræmingu sem nýtast í matvælaeftirlit ekki verið eins mikil og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Að mati stjórnar SHÍ er skynsamlegra að efla og styrkja þann þátt í starfsemi Matvælastofnunar sem lýtur að samræmingu og samvinnu í stað þess að færa allt matvælaeftirlit undir stofnunina. Að mati stjórnar SHÍ er nauðsynlegt að skoða hvort ekki sé skynsamlegra að færa það matvælaeftirlit sem nú er á herðum Matvælastofnunnar til heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga og þannig ná fram hagræðingu í opinberu eftirliti, þar sem heilbrigðiseftirlitin sinna bæði matvælaeftirliti, hollustuháttaeftirliti og mengunareftirliti . Þannig væri hægt að kom í veg fyrir að margir eftirlitsaðilar komi að eftirliti á hverjum tíma þar sem sami heilbrigðisfulltrúinn sinnir matvælaeftirliti, hollustuháttaeftirliti og mengunarvarnareftirliti í sömu ferðinni t.d. í hóteli með veitingasölu, sem jafnvel eru með eigin fráveitu, eftirliti með leikskólum og grunnskólum með mötuneyti, heilbrigðisstofnanir (sjúkrahús og hjúkrunarheimili) með mötuneyti, bensínstöðvar með veitingasölu og svo mætti lengi telja.

Þá telur stjórn SHÍ skynsamlegt að skoða hvort ekki sé tímabært að færa rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald til heilbrigðisnefnda, enda heilbrigðisfulltrúar einu eftirlitsaðilarnir sem mæta á vettvang og taka út viðkomandi atvinnustarfsemi og væri þar um mikla einföldun að ræða fyrir rekstraraðila.

*Bókun:*

*Heilbrigðisnefnd tekur undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn stjórnar SHÍ og ítrekar þá afstöðu sína að mikilvægt sé að efla, samræma og styrkja heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.*

*Linda Hrönn Þórisdóttir* | *Hannes Tryggvi Hafstein*

*Gnýr Guðmundsson* | *Bjarni Ingimarsson*

*Ingibjörg Hauksdóttir* | *Svanur Karl Grjetarsson*

## Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 28.02.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Juan Manuel Torrealba Garcia f.h. La Buena Vida ehf., kt. 631222-0210 dags. 07.08.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 27.02.2024.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

2. *Koparhella 5, Hafnarfjörður – steypueiningaverksmiðja*

*Lögð fram umsókn Guðbjargar S. Friðriksdóttur f.h. Einingaverksmiðjan ehf., kt.480905-1640, dags. 02.06.2022, þar sem sótt er um skráningu, til forsteyptra eininga o.fl. að Koparhellu 5, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2507388. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.03.2023.*

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.08.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.09.2023.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest með fyrirvara um úrbótaáætlun.*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3. *Íþróttahúsið Varmá, Mosfellsbær – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Mosfellsbæjar kt. 470269-5969 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, tímabundið áfengisleyfi þann 09.03.2024 frá kl. 19.00 – kl. 01.30 þann 10.03.2024 í tilefni árshátíðar Mosfellsbæjar, í íþróttahúsi Varmá, Mosfellsbæ. Áætlaður gestafjöldi 750 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

## Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 06.03.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

*4. Ránargrund 4, Garðabær– samkomusalur*

Lögð fram umsókn Brynju Hilmarsdóttur f.h. Múlakaffi ehf., kt. 660772-0229, dags. 26.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús með móttökueldhúsi og veislusölum að Ránargrund 4, Garðabæ. Fasteignanr. F2360293. Eftirlitsskýrsla dags. 05.03.2024.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*5. Hamraborg 1, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Kristjönu Drafnar Haraldsdóttur f.h. Nærandi líf., kt. 700421-0230 dags. 10.02.2024, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi, fótaaðgerða- og nuddstofu, fyrir sölu á sveppakaffi á netinu að Hamraborg 1, Kópavogi. Viðbót við starfsemi. Fasteignanr. F20611898. Minnisblað dags. 06.03.2024.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10.10.2035.*

*6. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Karels Atla Ólafssonar f.h. Preppbarinn ehf., kt. 710521-1580, dags. 27.02.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 05.03.2024.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

*7. Skemmuvegur 2a, Kópavogur – mötuneyti*

Lögð fram umsókn Huldu J. Jónsdóttur f.h. BYKO ehf., kt. 460169-3219 dags. 23.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti starfsmanna að Skemmuvegi 2a, 5. hæð Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2064858. Eftirlitsskýrsla dags. 04.03.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.01.2024. Staðfesting um öryggisúttekt byggingarfulltrúa fyrirliggjandi 29.02.2024.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*8. Þorrasalir 19, Kópavogur – spennustöð*

Lögð fram umsókn Hilmars Jónssonar f.h. Veitur ohf., kt. 501213-1870 dags. 11.01.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir spennustöð að Þorrasölum 19, Kópavogi. Endurnýjun. Fasteignanr. F2060539. Eftirlitsskýrsla dags. 31.01.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

**Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.**

*9. Suðurhraun 2, Garðabæ – bifreiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Henrique Abreu f.h. Bifreiðaverkstæði Henriks., kt. 080195-2739, dags. 30.01.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Suðurhrauni 2, Garðabæ. Fasteignanr. F2232213. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.02.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 31.01.2024. Ítrekun 28.02.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.03.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

*10. Vesturhraun 3, Garðabær– málmsmíðar*

Lögð fram umsókn Sveins Símonarsonar f.h. Klettur- sala og þjónusta ehf., kt. 461009-0420, dags. 14.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir málmsmíðaverkstæði að Vesturhrauni 3, Garðabæ. Fasteignanr. F2236763. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 06.03.2024. Sent á byggingafulltrúa dags. 21.02.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.03.2024.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

*11. Steinhella 17a, Hafnarfjörður – trésmiðaverkstæði*

Lögð fram umsókn Þorsteins Lúðvíks Lúðvíkssonar f.h. Heggur ehf., kt. 480987-2259, dags. 08.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir Trésmíðaverkstæði, önnur en í viðauka I. að Steinhellu 17a, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2293892. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.02.2024.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.02.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.02.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

*12. Ránargrund 4, Garðabær – rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.02.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Múlakaffi ehf., kt.660772-0229 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Veitingaleyfi – G Samkomusalir – flokkur II. að Ránargrund 4, Garðabæ, Fasteignanr. F2360293. Eftirlitsskýrsla dags.05.03.2024.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

*13. Íþróttahús Digranesi, Kópavogi – tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Menntaskóla Kópavogs kt.470576-2199 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 21.03.2024 frá kl. 19.00 – kl. 01.00 þann 22.03.2024 í tilefni árshátíðar nemenda í Menntaskólanum í Kópavogi. Áætlaður gestafjöldi 650 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

## Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 13.03.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

*14. Ásvellir 1, Hafnarfjörður – sjálfsafgreiðslustöð*

Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 02.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sjálfsafgreiðslustöð að Ásvöllum 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2073478. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*15. Óseyrarbraut 27b, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Bjarkar Bjarnadóttur f.h. Sólgarður slf., kt. 610610-1020, dags. 14.12.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Óseyrarbraut 27b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2353574. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.02.24. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.12.2023. Jákvætt svar dags. 13.03.2024.

*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

*16. Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – veitingastaður*

Lögð fram umsókn Kristínar Helgadóttur f.h. Pizza Hut., kt. 540198-3149, dags. 01.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Staðarbergi 2-4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F22285352. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 1.3.2024.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*17. Hamraborg 1, Kópavogur – læknastofa*

Lögð fram umsókn Jóns Torfa Gylfasonar f.h. JTG lækningar ehf., kt. 421019-0290 dags. 21.12.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2061189. Eftirlitsskýrsla dags. 5.01.2024.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.01.2024. Jákvæð umsögn byggingafulltrúa dags.08.03.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*18. Hamraborg 1, Kópavogur – húðflúr*

Lögð fram umsókn Waldemar Michal Zielinski, kt. 041089-6879, dags. 20.02.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir húðflúr inn á snyrtistofunni Dreambeauty studio að Hamraborg 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr: F2061180. Eftirlitsskýrsla dags. 13.03.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12.12.2035.*

*19. Hlíðasmári 6, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Rúnars Hreinssonar, f.h. Object ehf /Snyrtistofan Garðatorgi Kt. 610104-3470 dags. 11.03.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Hlíðasmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignanr: F2248766, 2248767,2248768,2248769. Minnisblað dags.13.03.2024. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.03.2024, jákvætt svar byggingafulltrúa 12.03.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 1 ára.*

**Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.**

*20. Hjallahraun 13, Hafnarfjörður – hársnyrtistofa SPT*

Lögð fram umsókn Aldísar Haraldsdóttur f.h. Hársnyrtistofan Hár ehf., kt. 580308-1120, dags. 09.03.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtistofu að Hjallahrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2075716. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 31.01.2024.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er skráning staðfest.*

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

21. *Íþróttamiðstöð Hauka Ásvöllum*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 28.02.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Knattspyrnufélagið Haukar kt.600169-0419 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 16.03.2024 frá kl. 19.00 – kl. 03.00 þann 17.03.2024 í tilefni árshátíðar VERKÍS verkfræðistofu. Áætlaður gestafjöldi 450 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

22. *Fræðasetrið í Gróttu, Seltjarnarnes*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.03.2024, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skúlagata ehf., kt.460722-0120 þar sem sótt er um tækifærisleyfi, þann 26.04.2024 frá kl. 22.00 – kl. 01.00 þann 27.04.2024 í tilefni útgáfutónleika. Áætlaður gestafjöldi 50 manns.
*Jákvæð umsögn staðfest.*

## Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 20.03.2024.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

23. *Sléttuhlíð F2 og F3 við Kaldárselsveg*

Lögð fram umsögn Katrínar H. Árnadóttur f.h. Borgarklettur ehf., kt.531016-0920 dags. 23.02.2024, þar sem sótt er um endurnýjun starfsleyfis fyrir gistiþjónustu í flokki II í Sléttuhlíð F3 og F2 í Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags.12.03.2024.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

24. *Hlíðasmári 3, Kópavogur – mötuneyti og veitingastofu*

Lögð fram umsókn Bergs Jónassonar, f.h. Cafe Atlanta ehf., kt. 700112-0390 dags. 13.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti og veitingarstofu að Hlíðasmára 3, Kópavogi. Fasteignanr. F2255466. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 07.02.2024.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

25. *Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Ívars Örn Hansen f.h. Helvítis ehf., kt. 571122-0140, dags. 29.02.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2024.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkta nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

*26. Dofrahella 2, Hafnarfjörður – stálsmiðja*

Lögð fram umsókn Kjartans Viðarssonar f.h. True Performance ehf., kt. 580407-0130, dags. 28.02.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir stálsmiðju að Dofrahellu 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2510592. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 19.03.2024.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.03.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 14.03.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

*27. Einhella 1a, Hafnarfirði – Sjálfvirk bílaþvottastöð fyrir stærri bifreiðar*

Lögð fram umsókn Harðar Inga Þórbjörssonar f.h. Löðurs ehf. kt.5809120280 dags. 27.02.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir sjálfvirka bílaþvottastöð að Einhellu 1a í Hafnarfirði. Fasteignanr. F2329975. Um er að ræða nýja starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.13.03.2024.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 19.03.2024. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 20.03.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

*28. Hringhella 6, Hafnarfirði – verkstæði, geymsluhúsnæði og geymslusvæði*

Lögð fram umsókn Fannars Arnars Þorbjörnssonar f.h. Terra Einingar ehf. kt. 711292-3309 dags. 23.02.2024 þar sem sótt er um endurnýjun/skráningu fyrir athafnasvæði með verkstæði, geymsluhúsnæði og geymslusvæði. Eftirlitsskýrsla dags. 20.03.2024.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.*

*29. Suðurgata 44, Hafnarfjörður – niðurrif*

Lögð fram umsókn Unnars Steins Hjaltasonar f.h. Nesnúpur ehf., kt. 661009-0630, dags. 05.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja að Suðurgötu 44, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079739. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 18.03.2024
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráningar staðfest frá 20.03.2024 – 01.07.2024.*

*30. Hamraborg 10, Kópavogur – hársnyrting*

Lögð fram umsókn Sigríðar Einarsdóttur f.h. Ossom Útlit., kt. 421020-1080, dags. 12.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir hársnyrtingu- hárkollu og höfuðfataþjónustu að Hamraborg 10, Kópavogi. Fasteignanr. F2230710. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.09.2023.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.*

SORPA

# FUNDARGERÐ 494. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 5. mars 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

**Fundarstjóri**: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari**: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

## Tekið fyrir

### 1. Ársuppgjör SORPU bs. fyrir árið 2023

Theodór S. Sigurbergsson, endurskoðandi hjá Grant Thornton, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SORPU og Aðalbjörg Sigurþórsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU, taka sæti undir þessum lið.

Gestir og framkvæmdastjóri gera grein fyrir ársuppgjöri SORPU fyrir árið 2023.

Guðfinnur Sigurvinsson tekur sæti á fundinum klukkan 08:18.

Stjórn samþykkir ársreikninginn.

Theodór og Aðalbjörg víkja af fundi klukkan 08:47.

### 2. Skýrsla innri endurskoðunar

Jón Sigurðsson endurskoðandi og Ingigerður S. Logadóttir endurskoðandi taka sæti á fundinum klukkan 08:50. Gestir gera grein fyrir niðurstöðum skýrslu innri endurskoðunar SORPU.

Jón, Ingigerður og Lárus víkja af fundi klukkan 09:27.

Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fylgja eftir þeim ábendingum sem koma fram í skýrslu innri endurskoðunar.

### 3. Staða ESA málsins

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 09:27.

Haraldur gerir grein fyrir fundi með fulltrúum stjórnvalda um framhald málsins.

Stjórn felur Haraldi Flosa að halda áfram að vinna að málinu í fullu umboði stjórnar, þar með að kynna málið fyrir stjórn SSH.

Haraldur Flosi víkur af fundi klukkan 09:39.

**4. Textílsöfnun og vinnsla**

Guðfinnur Sigurvinsson víkur af fundi klukkan 09:45.

Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri hjá SORPU og Ruth Einarsdóttir, rekstrarstjóri Góða hirðisins, taka sæti á fundinum klukkan 09:43.

Gestir gera grein fyrir stöðu mála við undirbúning á söfnun, meðhöndlun og vinnslu á textíl.

Ísól og Ruth víkja af fundi klukkan 10:02.

**5. Samskipti milli funda**

Stjórn fundaði mánudaginn 4. mars án starfsmanna.

**6. Önnur mál**

Valdimar leggur til að haldinn verði vinnufundur stjórnar seinni hluta apríl. Valdimar leggur auk þess til að stjórnarfundir hefjist klukkan 07:30.

Svana Helen leggur til að stjórn feli framkvæmdastjóra að kanna hjá ráðgjöfum verð á vinnu við að framkvæmda árangursmat stjórnar.

Stjórn samþykkur fram komnar tillögur.

Stjórn ræðir sendingu fylgigagna með fundargerðum.

**Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður 9. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:22.

SORPA

# FUNDARGERÐ 495. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 19. mars 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fjarfund:** Aldís Stefánsdóttir, og Árelía Eydís Guðmundsdóttir. Gestur á fundinum er Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sem sækir fjarfund.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

## Tekið fyrir

### 1. Textílsöfnun og meðhöndlun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við undirbúning söfnunar og afsetningu á textíl á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvarðanir stjórnar og hringrásarlög. Framkvæmdastjóri áætlar að aukinn kostnaður vegna söfnunar á textíl á seinni hluta árs 2024 verði um 15 milljónir króna, og að áætluð fjárfestingarþörf sé um 33 milljónir króna. Ekki þarf að gera breytingar á rekstrar- eða fjárfestingaráætlunum SORPU vegna þessa.

Gert er ráð fyrir að SORPA taki við textílsöfnun á höfuðborgarsvæðinu 1. júní næstkomandi. Í áætlunum er gert ráð fyrir að mannúðarsamtök á borð við RKÍ og Hertex haldi áfram söfnun á textíl, en hafi jafnframt aðgang að endurnotatextíl úr söfnunarkerfi SORPU á kostnaðarverði eftir þörfum.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

> *„Stjórn SORPU fagnar því textílsöfnun á höfuðborgarsvæðinu sé að komast í fastari skorður í takt við hringrásarlögin, og að SORPA geti sinnt því verkefni án teljandi kostnaðarhækkana á þessu ári. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram. Stjórn samþykkir að aflétta ekki fyrirvara af samningi um leigu á húsnæði á Köllunarklettsvegi 1 vegna aukinnar textílsöfnunar."*

### 2. Staða brennsluverkefnis SSH og UOL

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu brennsluverkefnis SSH og URN. Skýrsla um verkefnið verður kynnt opinberlega í apríl.

### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 9. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:21.

Fullgild rafræn undirskrift
**ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR**
Kennitala: 071076-4829
2024-04-06 17:42:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR**
Kennitala: 201260-2489
2024-03-19 09:26:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON**
Kennitala: 200664-2139
2024-03-19 08:27:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**ÁRELÍA EYDÍS GUDMUNDSDÓTTIR**
Kennitala: 161066-4869
2024-03-19 08:27:34 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
**VALDIMAR VÍÐISSON**
Kennitala: 100976-3509
2024-03-19 08:53:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

SORPA

# FUNDARGERÐ 496. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 9. apríl 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

**Fundarstjóri**: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari**: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fund:** Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Aldís Stefánsdóttir, og Valdimar Víðisson.

**Sækja fjarfund**: Sigrún Hulda Jónsdóttir í fjarveru Orra Hlöðverssonar, Sigríður Hulda Jónsdóttir í fjarveru Guðfinns Sigurvinssonar, og Svana Helen Björnsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

## Tekið fyrir

## 1. Samskipti milli funda

Formaður, hluti stjórnar og framkvæmdastjóri gengu á fund stjórnar SSH og upplýstu um málefni ESA og stöðu hátæknibrennslu og hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu urðunarstaðar í Álfsnesi.

## 2. Árangursmat stjórnar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tilboðum ráðgjafafyrirtækja í vinnu við gerð árangursmats stjórnar. Tilboð bárust frá Deloitte, Intellecta og KPMG. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða nánar við Deloitte og KPMG.

## 3. Innri endurskoðun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við viðbrögð SORPU bs. við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðenda SORPU. Vinna er hafin innan SORPU við að leysa úr öllum atriðum.

## 4. Erindisbréf áhættunefndar

Framkvæmdastjóri kynnir drög að erindisbréfi áhættunefndar. Áhættunefnd var nýlega færð til í skipuriti og svarar nú beint til stjórnar.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi erindisbréf áhættunefndar, og óskar eftir kynningu á áætluðum kostnaði við starfsemi nefndarinnar á næsta fundi stjórnar.

## 5. Skýrsla framkvæmdastjóra – stiklað á stóru úr rekstri SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir rekstri tiltekinna verkefna í starfsemi SORPU.


Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍDUR HULDA JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 180964-5689
2024-04-09 23:22:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2024-04-10 17:05:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÚN HULDA JÓNSDÓTTIR
Kennitala: 260372-3009
2024-04-09 16:46:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRELÍA EYDÍS GUDMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 161066-4869
2024-04-09 16:51:17 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2024-04-09 16:03:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2024-04-09 19:34:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

## 6. ESA málið – staða og næstu skref

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:33. Haraldur leggur fram yfirlit yfir meðferð ESA-málsins og stöðu, og gerir grein fyrir næstu skrefum í því. Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

> *„Í ljósi tilmæla menningar- og viðskiptaráðuneytisins, sbr. bréf dags. 3. apríl 2024, felur stjórn SORPU framkvæmdastjóra, í samvinnu við lögmenn félagsins og eftir atvikum aðra sérfræðinga, að hefja undirbúning að tilfærslu allrar efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eiganda, með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA. Framkvæmdastjóra er jafnframt falið að kynna stöðu málsins fyrir eigendum með viðeigandi hætti og kalla eftir afstöðu þeirra."*

Svana Helen víkur af fundi 08:40.

Haraldur Flosi víkur af fundi klukkan 08:53.

## 7. Málefni endurvinnslustöðva – staða verkefna hjá starfshópum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu tveggja vinnuhópa sem starfa fyrir endurvinnslustöðvar SORPU – annarsvegar hóps um mótun framtíðarstefnu fyrir rekstur endurvinnslustöðva, og hins vegar hóps sem metur þörf fyrir að ný stöð opni í stað Dalvegar, og staðsetningar sem kæmu til skoðunar. Góður gangur er í vinnu beggja hópa, og mun síðarnefndi hópurinn skila stjórn tillögum á næsta fundi stjórnar.

Sigríður Hulda víkur af fundi 09:05.

## 8. Neyslukönnun Gallup

Árelía víkur af fundi 09:14.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir niðurstöðum neyslukönnunar Gallup.

## 9. Önnur mál

Stjórn stefnir að því að halda vinnufund 28. maí frá 11:30-16:00.

Rætt var um bréfpoka, sem verða íbúum áfram aðgengilegir endurgjaldslaust á endurvinnslustöðvum SORPU og í Góða hirðinum. Verslanir hafa hafið sölu á bréfpokum undir matarleifar.

Svana Helen tengist fundi að nýju 09:25

Kynningaráætlun fyrir skýrslu um hátæknibrennslu liggur fyrir og stefnt að útgáfu skýrslu 18. apríl.

Stjórn SORPU vekur athygli á IMaR-ráðstefnu 18. apríl um sorpbrennslur.

## Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:37.

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

389. fundur
Mánudaginn 11. mars 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 08:00.

**Mætt voru:**
Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE ) og Alexandra Briem (AB) sem stýrði fundi.
Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri – staðan

**Tekið fyrir:**

**1.** Útboð á akstri

Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og Birgir B. Sigurjónsson ráðgjafi SSH, komu á fundinn og fóru yfir viðræður við ríkið varðandi rekstrarframlag og orkuskiptaframlag til almenningssamgangna og áhrif útboðs á akstri á þær. Ríkið leggur mikla áherslu á að sveitarfélögin stuðli að orkuskiptum í því útboði.
Sigurður G. Jónsson, ráðgjafa frá Cowi og Guðmundur Siemsen, lögmaður sátu fundinn undir þessum lið og var farið var yfir stöðuna og í framhaldinu ákveðið að óska eftir eigendafund Strætó við stjórn SSH, þar sem ræða þarf atriði sem tengjast fjármögnun og orkuskiptum. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að halda viðræðum áfram við bjóðendur í samræmi við umræður á fundinum og framlagt minnisblað frá stjórnarfundi þann 8. mars 2024, merkt trúnaðarmál.

Fundi slitið um 9:15

Alexandra Briem

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 390. fundur

Föstudaginn 15. mars 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 7:30.

**Mætt voru:**
Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH) í fjarfundi, Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) í fjarfundi, Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE og Alexandra Briem (AB).
Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Drög að óendurskoðuðu ársuppgjöri
2. Lífeyrissjóðsmál
3. Staða öryggismála
4. Auglýsingasamningur
5. Ársfundur/aðalfundur Strætó
6. Greiðslukerfi – staðan á snertilausum
7. Erindi til stjórnar varðandi öryrkjamiða
8. Launamál
9. Útboð á akstri

**Tekið fyrir:**

### 1. Drög að óendurskoðuðu ársuppgjöri 2023

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir drög að ársuppgjöri. Endurskoðandi félagsins stefnir á að klára endurskoðun fyrir páska og leggja fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn til samþykktar á næsta stjórnarfundi, sem er 4. apríl.
Tekjur ársins er á áætlun og jukust um 18% milli áranna. EBITDA er jákvætt um 238 m.kr. Rekstur vagna heldur áfram að hækka vegna hækkandi aldurs vagna. Óreglulegir liðir eru upp á tæpar 200 m.kr. vegna lífeyrissjóðsmála og gjaldfærslu vegna dómsmáls frá 2010. Tap ársins er um 180 m.kr..

### 2. Lífeyrissjóðsmál

Strætó fékk í síðustu viku bréf frá lífeyrissjóðnum Brú, dagsett 11. desember þar sem vegna tryggingarfræðilegrar stöðu sjóðsins muni sjóðurinn innheimta mánaðarlega vegna hóps sem kominn var á lífeyrir 1. júní 2017 og orðnir 60 ára á þeim tímapunkti. Sjóðurinn hefur reiknað út hluta þeirrar skuldbindingar sem tilheyrir Strætó er hún upp á um 70 m.kr. Eftir á að greiða úr hópi starfsmanna sem lentu á kennitölu annars launagreiðenda hjá sjóðnum. Stjórn lífeyrissjóðsins óskaði eftir yfirlýsingu frá Strætó um leiðréttingu hjá þeim sjóðsfélögum vegna tímabilsins 1. Júlí 2001 – 31. desember 2023.
Stjórn fól framkvæmdastjóra í samráði við lögmann félagsins að ganga frá yfirlýsingunni.

### 3. Staða öryggismála

Framkvæmdastjóri fór yfir yfirliti yfir öryggismál hjá Strætó.

## 4. Auglýsingamál

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Dengsa, sem óskað var eftir vegna sölu auglýsinga utan á og innan í vögnum. Ákveðið að breyta ekki núverandi fyrirkomulagi þar sem ekki var séð að nýtt fyrirkomulag skapaði Strætó auknar tekjur.

## 5. Ársfundur Strætó

Stjórn fól framkvæmdastjóra að undirbúa ársfund Strætó vegna ársins 2023.

## 6. Greiðslukerfi - staðan

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækni kom á fundinn og kynnti stöðuna á innleiðingu snerti lausra greiðslna í Klappinu. Prófanir ganga vel og ef ekkert óvænt kemur upp ætti þessi virkni að vera virk á öðrum ársfjórðungi 2024. Töluverð seinkun hefur orðið á innleiðingu snerti lausra greiðslna og hefur Strætó líst yfir óánægju sinni við FARA A/S sem kerfið er keypt frá.

## 7. Erindi til stjórnar.

Fulltrúi Flokks fólksins í velferðarráði Reykjavíkurborgar lagið fram tillögu sem send var stjórn Strætó til umsagnar varðandi að öryrkjum sé heimilt að kaupa afsláttarkort á fleiri farmiðasölustöðum í borginni.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

## 8. Launamál

Umræður um launamál framkvæmdastjóra, stjórnarformanni var falið að vinna áfram með málið.

Magnús Örn Guðmundsson, formaður stjórnar vék af fundi fyrir næsta lið vegna hæfismála og Alexandra Briem varaformaður stjórnar tók við stjórn fundarins.

## 9. Útboð á akstri - staðan

Sigurður G. Jónsson, ráðgjafi frá Cowi og Guðmundur Siemsen, lögmaður tóku sæti undir þessum lið. Farið var yfir stöðuna og drög að minnisblað dagsett 15. mars 2024, frá Guðmundi. Farið var yfir kosti og galla hinna ýmsu kosta sem eru í stöðunni.
Framkvæmdastjóra var heimilað að halda áfram að vinna málið í samræmi við niðurstöðu minnisblaðs og umræðna á fundinum.
Boðað verður til eigendafundar í næstu viku þar sem staða málsins verður kynnt.

Fundi slitið kl. 10:00

**Fylgiskjöl: Kynning ársuppgjör, staða öryggismála.**

| | |
|---|---|
| Alexandra Briem | Hrannar B. Eyjólfsson |
| Andri Steinn Hilmarsson | Kristín Thoroddsen |
| Lovísa Jónsdóttir | Magnús Örn Guðmundsson |

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**46. fundur eigendafundar Strætó bs.**
**var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 13. mars 2024**
**og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Orri Vignir Hlöðversson, Þór Sigurgeirsson, Alexandra Briem, Andri Steinn Hilmarsson, Gunnar Valur Gíslason, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

1. **Útboð á aðkeyptum akstri strætisvagna - 2303010**

Engin aðgengileg tilboð bárust í útboð Strætó bs. á akstri almenningsvagna, en um var að ræða útboð á sama hluta aksturs Strætó bs. og áður hefur verið boðinn út. Var því ákveðið að taka upp samkeppnisviðræður. Framkvæmdastjóri og stjórn Strætó bs. kynna ferli þeirra og möguleg næstu skref.

**Niðurstaða:**

*Kynnt og frekari umræðum frestað til næsta eigendafundar Strætó bs.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30.**

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2024, miðvikudaginn 20. mars var haldinn 422. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:10.
Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Valdimar Birgisson varamaður fyrir Sævar Birgisson Mosfellsbæ.
Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs, Einar K Stefánsson verkefnastjóri um framkvæmdir á skíðasvæðum, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram umsókn Skíðagöngufélagsins Ullar ódags. með ósk um stuðning vegna skála félagsins og kostnað við færslu á salernishúsi.

   Framkvæmdastjóra SSH og sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs falið að koma með tillögu fyrir næsta fund.

   Ari Wendel frá Skíðagöngufélaginu Ulli situr fundinn undir þessum lið.

   - kl 08:20 tekur Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði sæti á fundinum.

2. Lagt fram minnisblað Einars K. Stefánssonar verkefnisstjóra framkvæmda á skíðasvæðum dags. 19. feb. 2024 vegna salernis og skála Ullar í Bláfjöllum.

3. Lögð fram innviðagreining Einars K. Stefánssonar verkefnisstjóra framkvæmda á skíðasvæðum dags. 8. janúar 2024 á Skíðasvæðinu Skálafelli.

   Verkefnahóp um framkvæmdir á skíðasvæðum falið að hefja áætlanagerð, sér í lagi er varða grunnforsendur uppbyggingarinnar.

4. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 18. mars 2024 um stöðuna í fjöllunum.

Fundi slitið kl. 10:00

Þorvaldur Daníelsson

Bjarni Theódór Bjarnason
Valdimar Birgisson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Andri Steinn Hilmarsson

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**575. fundur stjórnar SSH**
**var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 18. mars 2024**
**og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**
Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. **SSH Ársreikningur 2023 - 2403003**

Fyrirliggjandi er ársreikningur SSH vegna ársins 2023 og hefur hann verið samþykktur af skoðunarmönnum.
Helena Rós Sigurðardóttir endurskoðandi hjá KPMG kynnir helstu atriði ársreikningsins.
Framkvæmdastjóri kynnir þá fyrirliggjandi niðurstöður úttektar á upplýsingaöryggi SSH.

**Gestir**

Helena Rós Sigurðardóttir

**Niðurstaða:**

*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ársreikning sem sendur er stjórnarfólki og framkvæmdastjóra til rafrænnar undirritunar.*

2. **Akstursþjónusta fatlaðs fólks. - 2312005**

Fyrirliggjandi er álit umboðsmanns Alþingis í máli 11617/2022 varðandi það að í gjaldskrá Reykjavíkurborgar hefði ekki verið tryggt með fullnægjandi hætti að gjald fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks væri sambærilegt gjaldi fyrir almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu í skilningi gjaldtökuheimildarinnar. Álitið og viðbrögð við því hafa verið til skoðunar hjá Reykjavík, samráðshópi SSH á sviði velferðarmála, og stjórn akstursþjónustunnar Pant.

Rannveig Einarsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir og Sigurbjörg Fjölnisdóttir kynna stöðu málsins og möguleg næstu skref en gert er ráð fyrir að stjórn Pant taki málið til umræðu á næsta fundi sínum og sendi stjórn SSH í kjölfarið tillögur um áframhald málsins og nauðsynleg gögn þar um.

**Gestir**

Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Dís Sigurgeirsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu á velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Sigurbjörg Fjölnisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar

**Niðurstaða:**

*Umræður*

### 3. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2024 - 2401008

Staðfest hefur verið að stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál hafi fjallað um áhersluverkefni SSH 2024 og að þau hafi verið staðfest til samræmis við afgreiðslu 573. fundar stjórnar SSH.

**Gestir**

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

**Niðurstaða:**

*Framvæmdastjóra er falið koma umræddum áhersluverkefnum af stað og ganga frá samningum vegna þeirra eftir því sem við á.*

### 4. Greining á tækifærum til útivistar og leikja við vötn og gönguskíðaiðkun - 2309015

Fyrirliggjandi er afgreiðsla 121. fundar Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um ofangreint þar sem óskað var eftir að stjórn SSH skoðaði möguleika þess að verkefnið yrði hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024.

Á 573. stjórnarfundi þann 5. febrúar 2024 voru samþykktar tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2024 og þeim vísað til stýrihóps Stjórnarráðsins. Ofangreint verkefni var þar á meðal.

**Gestir**

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

### 5. Almenningssamgöngur - Ábati, markaðsgreining og markaðssetning - Sóknaráætlun 2023 - 2303008

Fyrirliggjandi til kynningar er endanleg skýrsla um ofangreint áhersluverkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins. Svæðisskipulagsstjóri kynnir.

**Gestir**

Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

### 6. Aðalfundur SSH 2024 - 2403005

Fyrirliggjandi er minnisblað þar sem fram koma tillögur að dagsetningu aðalfundar SSH og ársfunda byggðasamlaganna 2024 ásamt tillögum að dagsetningum kynningarfunda þar sem kynning á fjárhagsáætlunum og

ársreikningum byggðasamlaganna fari fram.

**Niðurstaða:**

*Aðalfundur SSH og ársfundir byggðasamlaganna verða haldnir 1. nóvember 2024, í Mosfellsbæ.*
*Er formanni og framkvæmdastjóra falið að móta frekar tillögur um kynningarfundi byggðasamlaganna og leggja fyrir fund stjórnar.*

**7. Umsagnir þingmála - 1910005**

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks dags. 5. mars 2024 en hún var jafnframt send stjórn til athugasemda.

**Niðurstaða:**

*Staðfest.*

**8. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 125. fundar svæðisskipulagsnefndar dags. 9. mars 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**9. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 14. febrúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**10. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - fundargerð - 1505001**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu dags. 8. febrúar 2024.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**

***Stjórn Reykjanesfólkvangs***
*kt. 581280-0419*
*Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík*

**Fundur í stjórn Reykjanesfólkvangs**
**22. mars 2024, kl. 10:30**
**Borgartúni 12-14 og á Teams**

**Mættir:** Kristinn Jón Ólafsson (KJÓ), Gísli Sveinbergsson (GS) og Helga H. Björnsdóttir (HHB). Sverrir B. Magnússon (SBM), Stella Stefánsdóttir (SS), Ásrún Kristinsdóttir (ÁK) og Bergur Þ. Benjamínsson (BÞB) tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn:
Auðun Helgason (AH), René Biasone (RB) og Þórólfur Jónsson (ÞJ) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Afstaða sveitarfélaga vegna úrsagnar Reykjavíkur úr Reykjanesfólkvangi**
   Reykjavík sendi bréf 23. janúar 2024 til sveitarfélaganna auk Umhverfisstofnunar þar sem úrsögn Reykjavíkur var tilkynnt samkvæmt ákvörðun frá fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 6. des. 2022.

- SBM sagði að afstaða Reykjanesbæjar væri að það þjónaði ekki tilgangi né hag sveitarfélagsins að vera inni og munu því segja sig úr fólkvanginum.
- SS sagði að Garðabær myndi ekki ganga út miðað við þær forsendur sem lágu fyrir fundinn. Garðabær hefur í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir að greiða framlag miðað við óbreytt ástand í samræmi við forsendur eins og þær lágu fyrir haust 2023. Allt umfram það verður að skoða sérstaklega.
- ÁK sagði að Grindavík yrði áfram og myndi greiða í samræmi við fyrri greiðslur.
- GS sagði að Hafnarfjörður héldi áfram og myndi greiða miðað við fyrri greiðslur.
- HHB sagði að Seltjarnarnes hefði ekki tekið formlega ákvörðun en líklega yrði úrsögn niðurstaðan.
- BÞB sagði að Kópavogur væri ekki búinn að taka ákvörðun og myndi væntanlega greiða meðan annað væri ekki ákveðið.
- Samkvæmt fundargerð 393. fundar í bæjarráði Sveitarfélagsins Voga þann 7. feb. 2024 leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að Sveitarfélagið Vogar fari að fordæmi Reykjavíkurborgar og segi sig frá þátttöku í Reykjanesfólkvangi.
- RB rifjaði upp leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um að Reykjavík ræddi við hin sveitarfélögin.

2. **Tillaga Reykjavíkur**
   Reykjavík stefnir á að tímasetja útgöngu miðað við 30. júní 2024 og greiða þá hálft gjald fyrir 2024 sem lokagreiðslu. Miðað við að Garðabær, Hafnarfjörður og Grindavík haldi áfram, núverandi inneign og að hin sveitarfélögin greiði að minnsta kosti hálft gjald þá ætti að vera unnt að reka fólkvanginn 2024 með sama hætti og fram að þessu. Einnig gefst þá svigrúm til að ákveða framtíðarfyrirkomulag.

3. **Landvarsla**
   KJÓ mun ásamt ÞJ eiga samtal við landvörð varðandi möguleika á að sinna landvörslu 2024. Fyrir liggur að verkefni í Seltúni hafa vaxið mikið og tekið æ meiri tíma landvarðar

og landvörður bent á það. GS mun taka samtalið innan Hafnarfjarðar um hvað hægt væri að gera til að bregðast við því.
RB nefndi að gott væri að lista upp verkefni landvarðar ef til þess kæmi að fela þyrfti nýjum aðila landvörsluna.

Stefnt að næsta fundi í vikunni 10. – 12. apríl 2024.
Fundi slitið 11:40.

BRA/09/04/2024

Til bæjarstjórnar

**Efni: Tillaga að samþykkt um að staðfesta ákvörðun bæjarstjóra um prókúruhafa.**

„Samkvæmt 4. mgr. 55. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er bæjarstjóri prókúruhafi sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri leggur til að bæjarstjórn samþykki ákvörðun hans um að fela jafnframt Lúðvík Erni Steinarssyni, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs og Lúðvík Hjalta Jónssyni, fjármálastjóra prókúru fyrir sveitarfélagið samkvæmt heimild í áðurnefndu lagaákvæði.

Jafnframt er feld úr gildi prókúra Guðjóns Erlings Friðrikssonar, fyrrverandi bæjarritara.“